

1874.

5. janúar.

stjórn landsins skyldi vera í landinu sjálfu, en þarsem þetta eigi hafði getað fengizt og alþingi sjálft, í bænarskrá sinni um stjórnarþót á Íslandi, til vara hafði farið ofan af því, væri uppástungan eigi svo þýðingarmikil, og var stjórnarráðið samdóma konungsfulltrúa í þessu.

Samkvæmt þessu lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum óbreytt.

22. janúar.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.

Í bréfi, dagsettu 18. nóvbrm. f. á., hafð þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér eptir tilmælum póstmeistarans í Reykjavík hafð af þeim ástæðum, sem þér nákvæmar takið fram, leyft, að bréfhirðingarstaðurinn á Stafafelli verði lagður niður frá 1. þ. m., og nýr bréfhirðingarstaður stofnaður á Hofi í Álptafirði í Austur-Skaptafellssýslu með 10 rd. launum á ári, og hafð þér farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki þessa ráðstöfun, og samkvæmt tilgreindum ástæðum stungið uppá, að gjörðar verði eptirfylgjandi breytingar á því, sem fyrir er mælt í Auglýsing um póstmál 3. maí 1872, 2., 7. og 8. gr. um stofnun póstaðgreiðslustaða og bréfhirðingarstaða á Íslandi og laun hlutaðeigandi embættisþjóna.

1. að laun póstaðgreiðslumannsins á Prestbakka verði hækkuð frá 15 rd. til 25 rd., og

2. að stofnaður verði póstaðgreiðslustaður í Bjarnanesi, í stað þess, að þar hefir verið bréfhirðingarstaður, og skuli launin vera 15 rd. á ári, allt talið frá 1. þ. m.

Útaf þessu gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið fellst á breytingar þessar, og mælumst vör til, að þér, herra landshöfðingi, sjáið um, að þær verði birtar almenningi á Íslandi.